

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skaftár- og Mýrdalshreppi
Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal



Reykjavík 14. mars 2016
UST201603-122/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012 – 2028. Austurhluti Víkur.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftár- og Mýrdalshrepps er barst 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Víkurhrepps 2012 – 2028, breyting á þéttbýlisuppdrætti þ.e. austurhluta Víkur.

Í ofangreindri tillögu kemur fram að áætlaðar breytingar ná til austurhluta Víkur, nánar tiltekið er áætlað að stækka iðnaðarsvæði sunnan Austurvegar (I1 og I2) og skipuleggja nýtt svæði fyrir verslun og þjónustu norðan Austurvegar. Einnig er áætlað að færa hringtorg til austurs og nýja veglínu þjóðvegur 1 sunnan við verslun og þjónustusvæði sem er merkt V5 í gildandi aðalskipulagi. Ennfremur kemur fram að gert verður ráð fyrir nýjum varnargarði til suðurs, íbúðasvæði stækkuð og skilgreind ný aðveitustöð fyrir Rarík í vesturhluta þorpsins.

Strandlengja

Í ofangreindri breytingartillögu kemur fram að Víkurfjara hafi mikið aðdráttarafl til náttúruskoðunar og að almennt sé stefnan sú að reisa ekki mannvirki í fjöru heldur vernda strandlengjuna svo hún nýtist til útivistar. Einnig kemur fram að vegna landbrots sé álitnið nauðsynlegt að raska fjörunni vegna framkvæmda til að sporna við landbroti. Að mati Umhverfisstofnunar mun rask á fjöru við Vík hafa neikvæð áhrif á verndar- og útivistargildi svæðisins. Einnig munu slíkar áætlanir hafa neikvæð áhrif á ásýnd fjörunnar. Umhverfisstofnun bendir á að vegur sá sem gert er ráð fyrir þ.e. hringvegur milli Víkurfjöru og þorpsins er staðsettur þannig að gert er ráð fyrir göngum gegnum Reynisfjall.

Sjónræn áhrif varnargarðar

Í umfjöllun um strandlengju kemur fram að vegur og umferð muni draga úr upplifunargildi strandarinnar á þeim kafla sem vegur á varnargarði er áætlaður milli Víkurfjöru og þorpsins. Að mati

Umhverfisstofnunar þarf að meta hvort neikvæð sjónræn áhrif af vegi milli Víkurfjöru og þorpsins séu það mikil að útivistargildi og verndargildi rými óásættanlega mikið, þar sem atvinnulíf þéttbýlisins byggir mikið á ferðamennsku. Að mati Umhverfisstofnunar byggja umhverfisáhrifin ekki eingöngu á hæð varnarveggjar og vegar heldur þarf að skoða áhrif af bílaumferðinni, því ef áætlanir ná fram að ganga þá munu bílar og rútur fara um veginn alla daga, sem hefur áhrif á svæðið. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að skoða sem kost til samanburðar að gera lágan varnargarð með göngustígi eftir honum endilöngum og þrepum til að komast í fjöruna. Sjónræn áhrif slíks varnargarðar yrðu minni en af uppbyggðum vegi á varnargarði. Umhverfisstofnun tekur undir að vegur og umferð milli Víkurfjöru og þorps mun draga úr upplifunargildi fjörunnar á viðkomandi kafla.

Bls. 9 í greinargerð er fjallað um vinsældir Víkurfjöru fyrir ferðamenn. Þar segir: „*Hvort vegurinn verði sýnilegur frá Víkurfjöru er háð endanlegri hæð vegar þar sem gamli sjóvarnargarðurinn.*“ Að mati Umhverfisstofnunar skortir hér niðurstöðu í greinargerð á það hve sýnilegur vegurinn kemur til með að verða.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Einnig bendir stofnunin á að mikilvægt er að uppfæra fráveitu ef með þarf, þegar farið er í skipulagsbreytingar og framkvæmdir.

Umhverfismat

Sandfangari

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við niðurstöðuna.

Vegur

Í umhverfismati er fjallað um þau umhverfisáhrif sem mismunandi tillögur um staðsetningu veglínu og staðsetningu á áætluðu hringtorgi muni hafa. Fram hefur komið í greinargerð að útivistargildi og verndargildi fjörunnar er mikið. Þar sem Vík og nágrenni byggir atvinnulíf sitt mikið á ferðamennsku telur Umhverfisstofnun að sá kostur er raskar fjörunni mest og hefur neikvæð áhrif á útivistargildi og verndargildi fjörunnar hafi um leið mest neikvæð áhrif á samfélag.

Umhverfisstofnun telur að kostur B hafi ekki eins neikvæð áhrif á samfélag og aðrir kostir þar sem neikvæðu áhrifin á verndargildi fjörunnar eru minni en áhrif annarra kosta. Að mati Umhverfisstofnunar hefur kostur B það umfram aðra kosti að minni röskun verður á tengingu við fjöruna miðað við kosti A og C. Kostur B miðar við að hafa torg vestan Víkurskála og er það óbreytt miðað við gildandi aðalskipulag. Með valkosti B er fjaran slitin frá þorpinu á minna svæði en annars, og þar af leiðandi rýrnar útivistargildi fjörunnar ekki eins mikið og ef vegur milli fjöru og þorps nær lengra austur.

Landslag

Að mati Umhverfisstofnunar hafa kostir A, B og C allir neikvæð áhrif á landslag þar sem sjávarsýn verður ekki söm og útsýni að Reynisdröngum skerðist. Að mati Umhverfisstofnunar eru neikvæð áhrif á landslag minnst þegar um kost B er að ræða þar sem vegurinn fer styttri vegalengd milli þorps og fjöru en aðrir kostir.

Heilsa og öryggi vegna umferðar


Að mati Umhverfisstofnunar hefur hringtorg þeim mun meiri áhrif í þá átt að lækka umferðarhraða gegnum Vík, því vestar sem það er á Austurvegi. Þar af leiðandi gerir B kostur mest gagn hvað varðar að draga úr umferðarhraða.


Niðurstaða

Í ofangreindri tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2020 er gert ráð fyrir göngum um Reynisfjall og hringvegi milli Víkurfjöru og Víkurþorps. Umhverfisstofnun bendir á að í tillögu um færslu hringvegjar vestan Reynisfjalls fer vegurinn um votlendi, við Dyrhólaós og um Reynisfjöru og hefur Umhverfisstofnun ætíð gert athugasemdir við þá staðsetningu hringvegjar þar sem um óásættanlega röskun náttúruminja yrði að ræða.

Að mati Umhverfisstofnunar myndi vegur frá Reynisfjalli að austanverðu milli fjöru og þorps hafa neikvæð áhrif á landslag og útivistar- og verndargildi svæðisins, þar sem manngerður vegur myndi kljúfa ósnortna fjöruna. Umhverfisstofnun bendir á að sjávarsýn og ósnortin náttúra dregur að ferðamenn og því gæti breytingin haft neikvæð áhrif á samfélag þar sem svæðið hefði ekki sama aðdráttarafl fyrir ferðamenn og áður. Að mati Umhverfisstofnunar yrði kostur B, þ.e. hringtorg vestan Víkurskála besti kostur í baráttu við of mikinn aksturshraða í gegnum þorpið, þar sem ökutæki þyrftu að lækka hraða fyrr en ella.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri